



Reykjavík 18. desember 2023

Umsögn við þingskjal 37 - 37. mál Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls 2024-2027 og aðgerðaáætlun

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fagnar þingsályktunartillögu um fyrstu málstefnu íslensks táknmáls og þeirri aðgerðaáætlun sem henni fylgir. Málstefna íslensks táknmáls er mikilvægur liður í því að styrkja stöðu íslensks táknmáls, vinna gegn útrýmingu þess og stuðla að bættu málumhverfi táknmálsbarna og annars táknmálsfólks í samfélaginu.

Samskiptamiðstöð er málstöð íslensks táknmáls og er henni því ætlað viðamikil hlutverk til að framfylgja málstefnunni. Stofnunin er ábyrgðaraðili um helmnings aðgerða í aðgerðaáætlun en hinn helmingur aðgerða er þó stofnuninni ekki óviðkomandi. Mikilvægt er að fjárframlög til stofnunarinnar séu í takt við þá viðamiklu ábyrgð sem stofnuninni er falin og að lög um stofnunina verði endurskoðuð sem fyrst (aðgerð 1F í aðgerðaáætlun) til þess að lögbundið hlutverk stofnunarinnar falli enn frekar að áherslum stjórnvalda við að efla og styrkja íslenskt táknmál.

Sú málstefna og sú aðgerðaráætlun sem starfshópur skilaði til menningar- og viðskiptaráðherra árið 2021 hefur tekið þónokkrum breytingum í meðförum ráðuneytanna. Þrátt fyrir að stofnunin fagni þingsályktunartillögu um málstefnu íslensks táknmáls og ekki síst þeirri aðgerðaáætlun sem henni fylgir er ekki hægt að horfa framhjá því að í meðförum ráðuneyta hefur fyrstu aðgerð í aðgerðaáætlun verið breytt þannig að hún beinlínis mælir gegn öllu því sem málstefnu íslensks táknmáls er ætlað að mæla fyrir, þ.e. því að íslenskt táknmál sé haft í öndvegi í lífi táknmálsfólks, ekki síst táknmálsbarna.

Samskiptamiðstöð gerir því athugasemd við fyrstu aðgerð aðgerðaáætlunarinnar sem fellur undir meginstöð A: Máltöku táknmálsbarna og stofnunin er settur sem ábyrgðaraðili fyrir. Aðgerðin er eftirfarandi: *Reynist barn vera með skerta heyrn verði snemmtækri íhlutun beitt til að tryggja viðkomandi barni og fjölskyldu þess öll úrræði sem koma barninu að gagni. Sé ástæða til verði foreldrum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.*

Orðalag seinni málsgreinar aðgerðarinnar verður til þess að fyrri málsgreinin vísar til íslensks táknmáls sem neyðarúrræðis en ekki hluta af þeim úrræðum sem talin eru koma að



gagni eða tryggja ætti öllum börnum með skerta heyrn. Orðalagið í síðari málsgreininni „sé ástæða til“ er mjög óljóst og felur í sér að valdið til að koma barninu í táknaásumhverfi sé fyrst og fremst í höndum fólks sem mjög líklega þekkir ekkert til íslensks táknaáms eða hefur ekki sérfræðiþekkingu á því sviði. Aðkoma mál- og menningarsamfélags íslensks táknaáms og málstöðvar íslensks táknaáms er þannig gerð að engu nema sérfræðingar á öðrum fagsviðum telji það nauðsynlegt eða að önnur úrræði hafi verið reynd. Á þeim tíma á sér stað afar mikilvægur tími á næmiskeiði í máltöku táknaámsbarna sem glatast fá barnið og fjölskylda þess ekki notið táknaámsþjónustu um leið og heyrnarskerðing greinist.

Til þess að táknaámsbörn og fjölskyldur þeirra hafi raunverulegt val um samskiptamál síðar á lífsleiðinni verða stjórnvöld að tryggja að þau fái upplýsingar og ráðgjöf frá sérfræðingum sem starfa með íslenskt táknaám um leið og táknaámsbarn fæðist eða heyrnarskerðing greinist. Þá eru heyrandi börn táknaámstalandi foreldra bæði táknaámsbörn og aðstandendur táknaámsfólks og eiga því einnig sama rétt ög börn með skerta heyrn. Með orðalagi aðgerðarinnar eru þau ekki hluti af þeim hópi sem aðgerðin á að ná til.

Orðalag aðgerðarinnar er í mótsögn við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 61/2011 þar sem kveðið er á um rétt táknaámsbarna til þess að læra íslenskt táknaám, jafnskjótt og máltaka hefst eða heyrnarskerðing greinist, ekki þegar aðrir telja ástæðu til og öðrum úrræðum hefur verið breytt. Aðgerðin, eins og hún er orðuð, á þ.a.l. ekkert erindi í málstefnu um íslenskt táknaám. Betra væri því að sleppa aðgerðinni en að láta hana standa óbreytta.

Eins og fram kemur í nýlegri doktorsritgerð Dr. Valgerðar Stefánsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar „Án táknaáms er ekkert líf. Upp með hendur!“ býr íslenskt táknaám „við alvarlega ógn við tilvist sína vegna þess valds sem býr í tengslum [íslensks táknaáms] og döff fólks við umhverfið eða í vistkerfi málsins og hugmyndafræðinni sem umlykur það en vantraust á íslensku táknaámi og döff fólki gengur eins og rauður þráður í gegnum söguna. Á grundvelli hugmyndafræði þeirra sem ráða og gera áætlanir hefur þeim svæðum, þar sem börn gátu átt fjölbreytileg samskipti á íslensku táknaámi, til dæmis verið eytt á undanförunum áratugum. Einnig hefur á grundvelli málhugmyndafræði verið talið nauðsynlegt að börn tali og heyri íslensku til þess að öðlast lífsgæði og menntun og að ÍTM standi á einhvern hátt í vegi fyrir því. Ákvarðanir stjórnvalda um málið og fólkið sem talar það eru byggðar á hugmyndafræði sem oft samrýmist ekki þeim veruleika sem döff fólk upplifir og gengur þvert á það sem styrkir lífvænleika málsins og það sem döff fólk lítur á sem lífsgæði. Þannig hefur



málhugmyndafræði og viðhorf til íslensks táknmáls neikvæð áhrif á lífvænleika málsins þrátt fyrir þá lagalegu vernd sem því er ætlað að njóta“ (bls. iv).

Sú hugmyndafræði sem Valgerður fjallar um endurspeglast í orðalagi fyrstu aðgerðar í aðgerðaáætlun og því er afar brýnt að aðgerðin verði tekin út eða orðalagi breytt þannig að hún stuðli að veg og vanda íslensks táknmáls í málumhverfi táknmálsbarna.

Samskiptamiðstöð ber sannarlega ábyrgð á því að veita táknmálsfólki táknaþjónustu en stofnunin getur ekki verið ábyrgðaraðili fyrir þeirri aðgerð að tryggja börnum með skerta heyrn og fjölskyldum þeirra öll úrræði sem koma barninu að gagni enda hljóta þau úrræði að falla undir hlutverk ólíkra stofnana í samfélaginu og í takt við þeirra lögbundnu hlutverk. Að sama skapi ætti það ekki að vera hlutverk annarra stofnana að meta hvort ástæða sé til þess að táknaþjónustunni og foreldrum þess verði bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heldur ætti það beinlínis að vera skylda stjórnvalda, sem hafa það að markmiði að stuðla að útbreiðslu íslensks táknmáls og tryggja rétt táknaþjófs til þjónustu á grundvelli íslensks táknmáls, að beina öllu táknaþjófs til Samskiptamiðstöðvar. Verði aðgerðin látin standa óbreytt er það mat stofnunarinnar að gera þurfi þann aðila ábyrgan sem dulinn er að baki þessari aðgerð, þ.e. heilbrigðisráðuneytið og undirstofnanir þess.

Samskiptamiðstöð leggur hins vegar til eftirfarandi orðalagsbreytingu á aðgerðinni: *Stjórnvöld skulu beina táknaþjónustunni og foreldrum þeirra til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem veitir ráðgjöf og fræðslu um íslenskt táknaþjónustunni svo þau geti notið réttar síns til að læra og nota íslenskt táknaþjónustunni, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætt sjón- og heyrnarskerðing hefur greinst.*

Þá gerir Samskiptamiðstöð einnig athugasemd við aðgerðir 1. og 3. sem falla undir meginstöð D: Fjölgun umdæma íslensks táknaþjónustunni. Stofnunin er eini ábyrgðaraðili beggja aðgerða þrátt fyrir að augljóst sé, bæði af umfangi aðgerðanna og upptalningu annarra stofnana og félaga í aðgerðunum, að ábyrgðin verði að vera á herðum fleiri aðila. Ábyrgðin á aðgerð 1D þarf að vera allra stofnana ríkis og sveitarfélaga og ábyrgðin á aðgerð 3D á herðum allra þeirra aðila sem taldir er upp í aðgerðinni.

Virðingarfyllst,

Kristín Lena Þorvaldsdóttir,
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra